



Laus störf í Árskóla og Árvist

Yfirmaður Árvistar

70% starfshlutfall. Yfirmaður Árvistar stýrir daglegu starfi í Árvist sem er skóladagvistun Árskóla. Starfið felur í sér mikil samskipti við börn og fullorðna. Leitað er að uppeldismenntuðum einstaklingi með stjórnunarreynslu. Um er að ræða framtíðarstarf frá 1. ágúst 2019.

Verkefnastjóri Vinaliðaverkefnis.

Um 60% starfshlutfall er að ræða með möguleika á viðbótarstarfi í Frístund/Árskóla. Verkefnastjóri sér um allt er viðkemur Vinaliðaverkefninu, rekstur, útbreiðslu og þjónustu við alla skóla sem eru í verkefninu. Um er að ræða framtíðarstarf frá 1. ágúst 2019.

Umsjónarkennari á mið/unglingastigi

100% starf vegna afleysingar næsta skólaár. Leitað er að reynslumiklum grunnskólakennara með leyfisbréf til kennslu í grunnskóla, með stærðfræði og náttúrugreinar sem aðalgreinar. Um tímabilið 1. ágúst 2019 til 31. júlí 2020.

Hæfniskröfur:

Leitað er að einstaklingum með framúrskarandi samskiptahæfni og áhuga á að vinna með börnum. Umsækjendur þurfa að hafa ríka ábyrgðartilfinningu, vera tilbúnir til að tileinka sér nýjar hugmyndir, hafa metnað í starfi, vera jákvæðir og sýna af sér sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð sem og frumkvæði. Hreint sakavottorð skv. lögum um grunnskóla.

Launakjör:

Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur:

Er til og með 19. júní 2019.

Nánari upplýsingar:

Óskar G. Björnsson, skólastjóri, í síma 455-1101 eða oskargb@arskoli.is.

Umsóknir:

Umsókn ásamt ferilskrá og prófskírteinum skal skilað í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is (laus störf). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.